

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Breyting á deiliskipulagi Ölduhverfis.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 17. október 2024 breytingu á deiliskipulagi Ölduhverfis skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að lega gatna breytist; ný gata (Austuralda) bætist við á norð-austurhluta svæðisins og Hringöldu er skipt í tvær götur. Lóðir, byggingarreitir og húsnúmer færast til í kjölfarið og götuheiti breytast að hluta. Húsagerðir haldast þær sömu en hlutfall einbýla hækkar á móti hlutfalli fjölbýla og fækkar íbúðum á svæðinu um eina. Þá bætist leiksvæði við Austuröldu, lóð og byggingarreitur veitustöðvar færast neðan við aðkomuveg og kvöð um aðgengi að skógrækt bætist við enda Norður- og Austuröldu.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Eyjafjarðarsveitar, 21. nóvember 2024,

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 5. desember 2024